# Heimur augans



*Myndlist*

eftir Halldór Björn Runólfsson

Það þarf dálaglegan fjölda mynda til að fylla alla Kjarvalsstaði, sali jafnt sem ganga. Hingað til hefur engum manni einum dottið í hug að leigja slíkt pláss undir einkasýningu. Bragi Ásgeirsson markar því tímamót með „Heimur augans", sýningu á vinnu sinni undanfarin 33 ár. Fram til annars nóvembers gefst fólki kostur á að sjá hálft fjórða hundrað verka eftir þennan landskunna listamann og gagnrýnanda, fylla hvern krók og kima þessara miklu sala.

Hér verður ekki farið í að rekja feril Braga þessi 33 ár. Þess skal þó getið að verk fárra íslenskra listamanna hafa farið jafn víða og verk Braga. Hafa þau verið sýnd í Moskvu, Buenos Aires, Bandaríkjunum og öðrum heimshlutum ásamt Evrópu. Hann er því í hópi þeirra listamanna sem hvað best hefur verið kynntur erlendis.


Sem formála að þessari yfirgripsmiklu sýningu, hefur Bragi sagt að mikilvægt sé að bora að hugsa stórt í litlu landi. Svofelld orð lýsa vel þeirri skoðun hans, að einu gildi hvar listamaður sé fæddur, stórhugur sé það sem skapi mikla list. Til að gera þessa yfirlitssýningu sem veglegasta, hefur Bragi lagt sig í líma við að safna saman eins miklum fjölda verka sinna og honum hefur verið unnt. Hér er því ekki um að ræða sýningu byggða á úrvali. Sýningargestum er veittur kostur á að vega og meta, draga sínar ályktanir og dóma. Það ber vott um dirfsku Braga, að hann heldur slíka sýningu þegar hann stendur á tímamótum, maður í fullu fjöri á besta aldri.

Kannski má rekja þessa sýningu til gagnrýnandans frekar en málarans. Að líta á sjálfs sín þróun frá upphafi ferils, er listasögulegt sjónarmið. Málarinn reynir yfirleitt að gleyma því sem hann hefur gert vegna hins sem hann á eftir að gera. Það eru því gjarnan aðrir en hann sjálfur sem tína saman verkin til að skoða þau í sögulegu samhengi.

Því er það að sú spurning vaknar, hvað Bragi ætlist fyrir sér með slíku yfirliti. Er hann að reisa sér minnisvarða, eða gera upp reikninga við fortíðina, eða kanna hvar hann stendur. Í blaðaviðtali segir Bragi: „Með þessari sýningu er ég að horfast í augu við fortíðina og á fortíðinni byggir maður framtíðina" (Mbl. 18. okt.). Síðar í sama viðtali svarar hann þeirri spurningu, hvað sér hafi komið mest á óvart, standandi andspænis öllum þessum myndum: „Mest kom mér á óvart að sjá ekki þær myndir sem mig langaði til að mála, en málaði aldrei."

Þessi tvíræðu orð má túlka sem biturleik vegna glataðra tækifæra. En þau geta einnig þýtt hitt, að Bragi hafi loksins fundið sig og ætli sér nú að mála þær myndir sem hann málaði „aldrei". Reynist seinni tilgátan rétt, getur hún varpað ljósi á tilgang sýningarinnar. Bragi væri þá líkt og endurskoðandi sem kannar gallað bókhald, að leita að lausn dæmis sem ekki hefur fyllilega gengið upp.

Heimur augans hlýtur því að vekja menn til umhugsunar um stöðu Braga, þróun hans og fylla þá forvitni um framhaldið. Um leið bregður hún upp ítarlegri mynd af mótun, fjölhæfni og stílbrögðum listamannsins, styrk hans og veikleika og aðferðum við að tjá margbrotið yrkisefni.



**Bragi að Kjarvalsstöðum — endurskoðandi sem kannar gallað bókhald?**

*Af nýjum hljómplötum:*

# Mad Times Rut



*Popp*

eftir Pál Pálsson

## Rut Reginalds — Rut +


„Unglingar og ást ... frábær hljómplata ... Rut Reginalds er vaxandi söngkona". Eitthvað á þennan veg er þessi sjötta eða sjöunda hljómplata Rutar Reginalds auglýst. Mjög villandi auglýsing. Að vísu er meginviðfangsefni textanna ástin og að einhverju leyti unglingurinn, en það er gíska einlit og ófrumleg umfjöllun, sem segir okkur ekkert um tilfinningalíf unglinga, — auk þess er framsetningin, textarnir sjálfir, fyrir neðan allar hellur (sem sagt: á rangárvöllum). Og sem hljómplata er Rut + langt frá því að vera frábær. Lagavalið er litlaust, myndar ekki heild, útsetningarnar núll og nix, og flutningur í meiralagi máttlaus og fráhrindandi. Hinsvegar get ég vel tekið undir það að Rut sé vaxandi söngkona. Þó að hnökrar séu á söngnum hér og þar er greinilegt að hún hefur meira vald á rödd sinni en áður, og ég er viss um að hún gæti gert nokkuð góða hluti ef hún fengi betra efni til að flytja og tilhlýðilega leiðsögn.

Rut Reginalds fær því plús, en platan hennar mínus.

## Madness — Absolutely

Það verður aldrei sagt um tónlistarflutning Madness að hann sé máttlaus. Þvertámóti. Hjá þeim er krafturinn og ferskleikinn í fyrirrúmi, enda ein skemmtilegasta danshljómsveit sem komið hefur fram í langan tíma. Textarnir einkennast af absúrd húmor, sem í fyrstu virðist útí bláinn, en þegar betur er að gáð má greina ákveðin viðbrögð gegn því félagslega umhverfi sem þeir eru sprottnir úr (breski bömmerinn), þó þeir boði engar patentlausnir.

Madness hefur verið, ásamt Specials og Selecter, fremst í flokki þeirra hljómsveita sem eru á svokallaðri ska-línu. Absolutely, önnur plata hljómsveitarinnar, sem sýnir talsverða framför frá One Step Beyond, styrkir þá söðu enn frekar. Það má búast við miklu af þessari hljómsveit á komandi árum.




## Times Square

Hvað sem annars verður sagt um Robert Stigwood, þá verður það ekki af honum skafið, að hann er afkastamesti framleiðandi rokktónlistarmynda. Sem hafa jafnframt, þó að þær séu ansi mismunandi að gæðum, notið mestra vinsælda og aðsóknar um allan heim, t.a.m. Jesus Christ Superstar, Tommy, Saturday Night Fever og Grease. Nýjasta mynd hans heitir Times Square, og fjallar um tvær stúlkur á unglingsaldri sem gera uppreisn gegn umhverfi sínu, hvor á sinn hátt, strjúka að heiman og verða fyrir tilstuðlan útvarpsplötusnúðs foringjar uppreisnarhreyfingar unglinga í undirheimum New-York-borgar undir nafninu Sleaze Sisters. Auðvitað rennur uppreisnin út í sandinn, með vægast sagt harkalegum afleiðingum fyrir stúlkurnar, sérstaklega aðra þeirra, — enda verður ekki annað séð en að a.m.k. dulinn boðskapur myndarinnar sé sá að unglingum sé best að halda sig á mottunni og sætta sig við aðstæður sínar, hvernig sem þær eru, „annars eigi þeir ekki von á góðu".




Eðlilega er tónlistin í svona myndum gefin út á plötum, enda auglýsir hvort annað upp.




Nú hef ég ekki séð myndina og get því ekki dæmt um hana, en hinsvegar hef ég „sándtrakkið" undir höndum, og get fullyrt að það verður enginn svikinn af því. Það hefur að geyma margar perlur úr rokktónlist samtímans. Of langt mál yrði upp að teljaupp bæði lög og flytjendur, svo ég læt nægja að nefna nokkra flytjendur: Talking Heads, XTC, Patti Smith Group, The Cure, The Ruts, Pretenders, Gary Numan, Roxy Music, Lou Reed og að sjálfsögðu Sleaze Sisters. Öll lögin hafa komið út áður, að undanskildum þeim sem „sysTurnar" flytja, en þarsem sennilega fáir eiga allar þær plötur sem þau koma fyrir á er Times Square örugglega góður rokklagapakki fyrir marga.

# Hvað hefði Jón Hreggviðsson sagt?



*Leiklist*

eftir Gunnlaug Ástgeirsson

**Þjóðleikhúsið: Könnusteypirinn pólitíski, eftir Ludgig Holberg. Þýðandi Jakob Benediktsson. Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson, leikmynd og búningur eftir Björn G. Björnsson, lýsing: Ásmundur Karlsson. Helstu leikendur: Bessi Bjarnason, Guðrún Þ. Stephensen, Þórhallur Sigurðsson, Edda Þórarinsdóttir, Þórunn Magnea Magnúsdóttir, Sigmundur Örn Arngrímsson. Smærri hlutverk: Valur Gíslason, Þorsteinn Ö. Stephensen. Jón S. Gunnarsson, Árni Ibsen, Baldvin Halldórsson, Sigurður Skúlason, Þráin Karlsson, Viðar Eggertsson, Þóra Friðriksdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Þór Stirfel og Kjói frá Þurá.**

Holberg gamli var merkiskall á sinni tíð (1684—1754). Fyrir utan að skrifa bunka af gamanleikjum lagði hann stund á ýmis fræði svo sem teologiu, sögu heimspeki, siðfræði og pólitík og einnig stundaði hann mússikk og skáldskap í bundnu máli og óbundnu. Hann var trúlega einn fremsti fjölfræðingur Norðurlanda á fyrri hluta átjándu aldar og lengi prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn.

Í leiklistarsögunni er hann fyrst og fremst merkilegur fyrir það að gamanleikir hans voru fyrstu frumsömdu dönsku leikritin sem sett voru á svið. Einnig er mér sagt að leikir hans séu eitt af því fyrsta sem Íslendingar taka upp á að leika og þar af leiðandi á hann einnig sinn stað í íslenskri leiklistarsögu.

Mér virðist því að það sé fyrst og fremst af sögulegri ræktarsemi (eða þráhyggju) sem Þjóðleikhúsið hefur ákveðið að taka leikrit eftir Holberg til sýningar. Það virðast einnig vera sömu forsendur fyrir vali á þessu leikriti, en það var fyrsta verk Holbergs sem sýnt var, því ég trúi ekki öðru en að það séu til skemmtilegri gamanleikir eftir Holberg úr því að farsinn varð að vera eftir hann.

Leikritið gengur út á það að óbreyttum könnusteypi með pólitískar grillur er talin trú um að hann hafi verið kjörinn borgarstjóri og standa gárungar úr borgarráðinu á bak við það. Síðan er lýst uppskafningshætti og hofmóði þeim er könnusteypirinn fyllist við upphefðina og sýnt að hann er allsendis ófær um að gegna þessu embætti. Því er best komið hjá þeim sem völdin hafa samkvæmt skoðun höfundar (en leikhópurinn spyr í lokinn „eða hvað?").


Sú ádeila sem er gild í þessu verki er hin almenna ádeila á uppskafningshátt og ofmetnað, en ég held að fáir samþykki hugmyndafræðilega notkun hennar, sem sé þá að við búum við „hið besta mögulega valdakerfi".

En ég væri útaf fyrir mig tilbúinn að gefa skit í alla hugmyndafræði ef komikin sjálf væri nógu skemmtileg. En því miður er því ekki að heilsa, leikritið sjálft er ekki nógu skemmtilegt. Sérstaklega var fyrri hlutinn daufur, en það vottaði þó stundum á skemmtilegheitum í seinnipartinum, helst þegar leikararnir slepptu sér lausum í hreinum ærslaleik.

Þetta var svona þrátt fyrir að sýningin væri tæknilega vel unnin. Leikurinn var yfirleitt bráðgóður, bæði hjá þeim sem fóru með stærstu hlutverkin, Bessa Bjarnasyni, Guðrúnu Þ. Stephensen og Þórhalli Sigurðarsyni og einnig voru mörg smærri hlutverkin skemmtilega gerð, svo sem hlutverk Þóru Friðriksdóttur og Sigríðar Þorvaldsdóttur. Leikmyndin var einnig vel gerð og bauð upp á örar skiptingar eins og vera ber í gamanleik. Leikstjórinn virðist einnig hafa stýrt sínu fólki af röggsemi. En því miður virðst ekki vera hægt að gera mikið úr þessu leikverki. Það vantar einhvernveginn allt trukk í það.

Það er væntanlega tilviljun að samtímamaður Holbergs, Jón Hreggviðsson, er einnig á fjölunum annarsstaðar í bænum um þessar mundir. En Jón Hreggviðsson var einmitt að þvælast í Kaupmannahöfn með sinn úfna haus þegar Könnusteypirinn var fyrst frumsýndur 1722. Mikið skelfing hefði verið gaman að fara með Jóni á þessa frumsýningu og heyra hans álit á leikritinu. Hvað hefði Jón Hreggviðsson sagt??

G.Ást.



**Bessi Bjarnason í hlutverki könnusteypisins.**